

Útskrift úr fundagerðabók kjörstjórnar til þjóðaratkvæðagreiðslu.
Ár 2010 þriðjudagur 2. mars kl. 19:30

Kom kjörstjórn saman í grunnskóla Hveragerðis
v/þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010.

Mættir voru Inga Lóa Hannesdóttir formaður, Pálína Sigurjónsdóttir
og Margrét Haraldardóttir.

Gengið til dagskrár.

Formanni falið að ræða við húsvörð grunnskólans varðandi frágang
og uppsetningu kjörklefa. Ákveðið og samþykkt að aðal og varamenn
mæti í kjördeild eigi síðar en kl. 07:30 að morgni kjördags. Formanni
falið að finna dyraverði fyrir kjördag.

Búið er að ganga frá auglýsingu kjörfundar sem birtast munu í bæjar
og héraðsblöðum sem koma út fyrir kjördag.

Auglýsing um kjörfund verður hengd upp á 3-4 stöðum í
bæjarfélaginu.

Samþykkt að næsti fundur verði föstudaginn 5. mars kl. 18:00 í
grunnskólanum.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 20:00

Inga Lóa Hannesdóttir (sign)

Pálína Sigurjónsdóttir (sign)

Margrét Haraldardóttir (sign)